



Fjárlaganefnd Alþingis
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður
Austurstræti 8-10A
150 REYKJAVÍK

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Amarhvíli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík, 7. febrúar 2022
Tilvísun: FJR21090021

Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, fer þess á leit við fjárlaganefnd Alþingis að við síðari umræðu tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026 verði gerðar þær breytingar á afkomu- og skuldamarkmiðum sem fram koma í meðfylgjandi gögnum.

Þann 30. nóvember sl. var lögð fyrir Alþingi þátl. um fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026 í samræmi við 4. gr. laga um opinber fjármál. Leiðarljós fjármálastefnunnar er að hækkingu á skuldum hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu stöðvist á árinu 2026 ásamt því að ríkissjóður stuðli að efnahagslegum stöðugleika til skemmri tíma. Markmiðið með því er að standa vörð um fjárhagslegan viðnámsþrótt hins opinbera og getu stjórnvalda til þess að milda áhrif óvæntra efnahagsáfalla á heimili og fyrirtæki samhliða því að varna því að ríkisfjármálin ýti undir eftirspurnarþenslu í hagkerfinu. Stefnumið framlagðrar fjármálastefnu gera ráð fyrir að afkomuhalli A1-hluta hins opinbera verði að hámarki 6,5% af VLF árið 2022, en að hallinn fari lækkandi ár frá ári og verði að hámarki 1% af VLF árið 2026. Þá gerir stefnan ráð fyrir að skuldir A1-hluta hins opinbera skv. skuldareglu laga um opinber fjármál verði að hámarki 41,5% af VLF árið 2022, en fari lækkandi á tímabilinu og verði að hámarki 49,5% af VLF árið 2026.

Þau stefnumið sem sett eru fram í fjármálastefnunni tóku mið af áætlunum um undirliggjandi afkomu- og skuldapróun sem byggðist á gildandi fjármálaáætlun að teknu tilliti til breytinga sem áttu sér stað við vinnslu frumvarps til fjárlaga ársins 2022 eftir myndun nýrrar ríkisstjórnar. Frá því fjárlagafrumvarpið og fjármálastefnan voru lögð fram hafa á hinn bóginn komið fram breytingar sem hafa áhrif á afkomu- og skuldahorfur ríkisins. Við endanlega afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2022 versnaði afkoma ríkisins um 0,5% af VLF frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu og forsendum framlagðrar fjármálastefnu. Þessu til viðbótar hefur verið talin þörf á að framlengja tilteknar efnahagsaðgerðir vegna kórónuveirufaraldursins í upphafi þessa árs en með breyttri útfærslu með hliðsjón af dvínandi áhrifum faraldursins. Gróflega áætlað eru efri mörk áhrifa útvíkkaðra mótvægisáðgerða á afkomu ríkissjóðs um 0,2% af VLF á árinu 2022.

Þá hafa skuldahorfur ríkissjóðs tekið breytingum í takt við lakari afkomu. Auk þess hefur nýlegt endurmat á skuldum í árslok 2021 áhrif til hækkunar fyrir árið 2022, og þar með árin 2023-2026, frá því sem áður var gert ráð fyrir. Þannig er nú útlit fyrir að skuldir ríkissjóðs verði um 1,7% af VLF hærrí í árslok 2022 en gengið var út frá í þátl. um fjármálastefnuna.

Ljóst er að þessar breytingar hafa í för með sér að aðlaga þarf bæði afkomu- og skuldamarkmið framlagðrar fjármálastefnu. Þessi aðlögun á stefnuferlum fjármálastefnunnar með hliðsjón af afgreiðslu fjárlaga ársins 2022 og tímabundinni framlengingu ráðstafana vegna veirufaraldursins breytir á hinn bóginn engu um þau megin markmið sem komu fram í stefnunni og eru rökstudd í greinargerð hennar. Þannig verður áfram gengið út frá þeirri ábyrgu stefnumörkun að stöðva hækkingu skuldahlutfallsins fyrir árslok 2026 og haga ríkisfjármálunum með þeim hætti að þau hafi ekki þenslu- og verðbólguáhrif þegar hagkerfið færir í framleiðsluspennu á yfirstandandi vaxtarskeiði.

Eftirtaldir breytingar eru lagðar til á þingsályktunartillögunni en fjallað er nánar um tillögurnar og breyttar afkomu- og skuldahorfur í meðfylgjandi minnisblaði.

1. Í stað töflunnar í þingsályktunartillögunni komi eftirfarandi tafla:

Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %	2022	2023	2024	2025	2026
A1-hluti hins opinbera¹					
Heildarafkoma	-7,0	-4,8	-3,6	-2,4	-1,0
þar af ríkissjóður (A1-hluti)	-6,0	-4,0	-3,0	-2,0	-0,8
þar af sveitarfélög (A-hluti)	-1,0	-0,8	-0,6	-0,4	-0,2
Óvissubíll	-1,5	-2,0	-2,5	-3,0	-3,5
Skuldir ²	43,5	46,0	49,0	51,0	51,5
þar af ríkissjóður (A1-hluti)	36,0	38,0	40,5	42,0	42,5
þar af sveitarfélög (A-hluti)	7,5	8,0	8,5	9,0	9,0
Opinberir aðilar í heild					
Heildarafkoma	-6,5	-4,0	-2,6	-1,4	0,0
þar af A1-hluti hins opinbera	-7,0	-4,8	-3,6	-2,4	-1,0
þar af fyrirtæki hins opinbera ³	0,5	0,8	1,0	1,0	1,0
Skuldir ²	66,5	67,0	69,0	70,0	70,5
þar af A1-hluti hins opinbera	43,5	46,0	49,0	51,0	51,5
þar af fyrirtæki hins opinbera ³	23,0	21,0	20,0	19,0	19,0

¹ Skv. endurskoðaðri flokkun á starfsemi hins opinbera á grundvelli alþjóðlegs hagskýrslustaðals (GFS), sbr. nánari umfjöllun í kafla 6 í fjárlagafrumvarpi 2022.

² Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádrægnum sjóðum og bankainnstæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.

³ Ríkisaðilar í A2- og A3-hluta eru í þessari framsetningu birtir með fyrirtæki hins opinbera. Afkoma og skuldir fjármálafyrirtækja og sjóða er eins og verið hefur ekki meðtalið í þessari framsetningu.

2. Textinn í tölulið II í þingsályktunartillögunni verði svohljóðandi:

II. Heildarafkoma A1-hluta hins opinbera verður neikvæð yfir tímabil stefnunnar, eða sem nemur 7% cf VLF árið 2022, en fer batnandi ár frá ári uns hallinn nemi að hámarki 1% cf VLF árið 2026.

3. Textinn í tölulið III í þingsályktunartillögunni verði svohljóðandi:

III. Heildarskuldir A1-hluta hins opinbera sem hlutfall cf VLF verði að hámarki 51,5% cf VLF árið 2026 en fari lækkandi frá því ári í samræmi við skilyrði í 3. tölul. 7. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.

F.h.r.

Björn Þór Hermannsson / Jón Viðar Pálmason